

Áttunda Ársþing KÖRFUKNATTLÉIKSSAMBANDS ÍSLANDS  
vær haldið laugardaginn 9. nóvember 1968 að Hótel Loftleiðum  
og hófst þingið kl. 15:15.

Petta gerðist:

Bingsetning:

Formaður KKÍ, Bogi Þorsteinsson, setti þingið með nokkrum áverpsorðum. Bauð hann þingfulltrúa velkomna, svo og gesti bingsins, Gísla Halldórsson, forseta ÍSÍ og Hermann Guðmundsson, frákvæmdastjóra ÍSÍ.

Kosnir starfsmenn bingsins:

Að tillögu formanns KKÍ, var Hermann Guðmundsson einróma kjörinn þingforseti, og tók hann þegar við stjórn þess,

Pingritrar voru kosnir Magnús Björnsson og Gunnar Gunnarsson,

Kosning fastra þingnefnda:

Kjörbréfanefnd: Magnús Sigurðsson  
Helgi Ágústsson  
Sigurður E. Gíslason.

Fjárhagsnefnd: Gunnar Petersen  
Kolbeinn Pálsson  
Hörður Tulinus.

Frestað var kosningu í aðrar fastanefndir, unz séð yrði síðar á þinginu, hvort þeirra yrði þörf.

Skýrsla fráfarandi stjórnar:

Formaður KKÍ, Bogi Þorsteinsson, flutti skýrslu stjórnarinnar. Var henni dreyft fjölritaðri á þinginu og vísast til hennar.

Í lok skýrslu sinnar ræddi formaður nokkuð um vandamál körfuknattleiksins, eins og þau nú blöstu við. Fjárhagsörðuleikar væru ætið fjötur um fót, þjálfara og dómaraskortur alvarlegt áhyggjuefni. Svo virtist sem stöðun hefði orðið í þróun körfuknattleiksins í Reykjavík, og væri brýn þörf á einkinni starfsemi til efplingar íþróttarinnar í borginni.

Formaður skýrði frá því að ákveðið hefði verið að íslandsmótið færi fram í íþróttahúsi Seltjarnarness, en það hús er nýreist, og hentugt fyrir körfuknattleik, en riðið hefði baggmuninn að húsaleiga væri mikið ódýrari þar heldur en í íþróttahöllinni. KKÍ væri ofviða að greiða þá háu leigu, sem þar væri krafist,

Að lokum þakkaði formaður meðstjórnarmönnum sínum fyrir gott og árangursríkt samstarf á liðnu starfsári. Sérstaklega þakkaði hann þeim Gunnari Petersen og Pránni Scheving fyrir mikil og heilladrjúg störf fyrir KKÍ, en þeir gæfu nú ekki kost á sér til endurkjörs.

#### Skýrsla gjaldkera:

Í forföllum gjaldkera, Práins Scheving, sem var utanbæjar, las Helgi Sigurðsson reikninga sambandsins. Sýndu þeir rekstrarafgang í fyrsta skipti í sögu sambandsins,

Reikningarnir voru endurskoðaðir, og voru þeir ásamt skýrslu stjórnarinnar samþykktir einróma.

#### Skýrsla kjörbréfaneftndar:

Kjörbréfaneftnd hafði starfað á meðan skýrsla stjórnar var flutt og skilaði hún nú áliti sínu. Magnús Sigurðsson hafði orð fyrir nefndinni.

Borizt höfðu kjörbréf frá 4 aðilum, og voru mættir 17 fulltrúar. Skipting fulltrúa var þannig:

Íþróttabandalag Akureyrar	2	fulltrúar
Hóraðssambandið Skarphéðinn	3	"
Íþróttabandalag Suðurnesja	4	"
Körfuknattleiksráð R. víkur	8	"

Kjörbréf reyndust í lagi, og lagði kjörbréfaneftnd til að þau yrðu samþykkt. Var svo gert samhljóða.

#### Fjárhagsrétlun:

Helgi Sigurðsson las fjárhagsrétlun fyrir næsta starfsár. Var henni einróma vísad til fjárhagsnefndar.

Áværp forseta íSÍ:

Gísli Halldórsson, forseti íSÍ, kvaddi sér hljóðs og flutti þinginu kveðjur og árnaðaróskir frákvæmdaneftnar íSÍ. Þakkaði hann stjórn KKÍ fyrir mikil störf og góða samvinnu við íSÍ. Forseti flutti formanni KKÍ, Boga Þorsteinssyni, sérstakar bakkir fyrir hans framlag til eflingar Körfuknattleiksíþróttarinnar.

Forseti kvað sér áhyggjuefni að heyra, að stöðunun væri í körfuknattleik í höfuðborginni. Kvæðst hann fyrir hönd frákvæmdastjórna íSÍ vilja bjóða aðstoð sína til úrbóta. Tók forseti frá að hann vildi stuðla að því við íþróttaneftnd Reykjavíkur, að fjölgað yrði körfum á útisvæðum í borginni.

Að lokum bar Gísli Halldórsson frá óskir um að gæfa og gengi fylgdi körfuknattleiksíþróttinni í framtíðinni.

Tillögur:

Lægðar voru fram nokkrar tillögur, sem öllum var vísað til nefnda, og er vikið að þeim síðar í binggerðinni.

Kom nú í ljós, að allar þingnefndir myndu fá verkefni og var kosið í eftirfarandi nefndir:

Laga- og leikreglnanefnd:	Ingi Gunnarsson Guðmundur Þorsteinsson Gunnar Gunnarsson
---------------------------	--

Allsherjarnefnd:	Kolbeinn Pálsson Kristinn Stefánsson Helgi Ágústsson,
------------------	---

Kaffihlé,

Í kaffihlé kvaddi forseti íSÍ, Gísli Halldórsson sér hljóðs og skýrði frá rekstri íþróttahallarinnar í Laugardal vegna frákvæminnar gagnrýni á hárrí húsaleigu. Kvæð hann mis-skilning, sem fram hefði komið hjá einum þingfulltrúa, að gróðasjónarmið ríkti í ákvörðun um húsaleigu. Húsið væri alls ekki rekið með hagnaði. Rekstrarkostnaður væri mikill. Aðtlað væri að reksturinn næsta ár myndi kosta um 8 milljónir króna. Auk þess þyrfти að afla 4 miljóna til áframhaldandi byggingar-frákvæmda, en margt væri ógert til þess að ljúka við húsið. Forseti kvæði í athugun, hvort unt yrði að lækka húsalciguna, og komi til greina að færa leiguna úr kr. 5000 fyrir leikkvöld í kr. 4000,

Gunnar Gunnarsson gagnrýndi gerð hússins, og taldi að óréttlátt væri að íþróttamönnum væri gert að greiða útlit hússins, sem væri miklu dýrara vegna byggingarlags og útlita, holdur en ætla mætti um íþróttahús almennt,

Gísli Halldórsson kvað misskilning að íþróttirnar greiddu nokkurn byggingarkostnað, þeim væri aðeins ætlað að taka þátt í rockstri hússins. Gísli tók fram, að of lítil fjárhæð kæmi frá ríkinu til reksturins, að sínu áliti.

#### Gunnar Petersen heiðraður:

Bogi Þorsteinsson kvaddi sér hljóðs, Skýrði honn frá því, að fráfarandi stjórn vildi heiðra Gunnar Petersen, sem nú hyrfi úr stjórninni, fyrir mikil og heilladrjúg störf fyrir sambandið, en hann hefði setið í stjórn þess í mörg ár. Hann hofði jafnframt gegnt þar ábyrgðarstörfum, m.a. vorið gjaldkeri, sem ekki væri öfundsvert starf hjá fjárvana sambandi.

Afhonti formaður síðan Gunnari gullmerki KKÍ, og stakk því í barm hans, en þingheimur fagnaði með lófataki.

#### Álit nefndá:

Mörgum tillögum hafði verið vísað til fastanefnda þingsins, Höfðu nefndirnar starfað í kaffihléi, og skiliðu áliti strax að því loknu,

Fjárhagsnefnd hafði fjallað um fjárhagsáætlun KKÍ, svo og tillögu frá útbreiðslunefnd KKÍ um ráðningu framkvæmdastjóra KKÍ. Gunnar Petersen hafði orð fyrir nefndinni. Lagði hún til að fjárhagsáætlun yrði samþykkt óbreytt. Var svo gort samhljóða.

Fjárhagsnefnd lagði til að við tillögu útbreiðslunefndar bættist: -Framkvæmdastjóri verði ráðinn, svo fremi stjórn KKÍ finni hæfan mann: Vær tillagan samþykkt samhljóða með viðbótnni, og hljóðar svo:

"Ársþing KKÍ, haldið 9. nóv. 1968, telur rétt að stjórn sambandsins réði til sín framkvæmdastjóra, er ennist og framkvæmi ákvæðanir aðalstjórnar og fastanefndar".

Laga- og leikreglnanefnd hafði fjallað um eina tillögu, frá fráfarandi stjórn um bikarkeppni KKÍ. Urðu nokkrar umræður um tillöguna og um bikarkeppnina, en hún hafði fallið niður í ár. Skýrði Bogi Þorsteinsson frá ástæðum til þess. Kvað hann keppninni hafa verið frestað í vor vegna Landsmóts UMFÍ, en öllum söllum, sem vænta mátti að tækju þátt hefði verið sent bréf, og þeir beðnir að láta í ljós tillögur sínar um fyrirkomulag. Svo hefði brugðið við, að enginn aðili sváraði bréfi þessu, hver svo sem ástæðan væri.

Tillagan var síðan samþykkt óbreytt, svohljóðendí:

"Ársþing KKÍ, haldið 9. nóv. 1968, samþykkir að fela næstu stjórn KKÍ að skipa 3 ja manna nefnd, er geri tillögur um breytingar á reglugerð um bikarkeppni Körfuknattleikssambands Íslands,

Nefndin athugi m.a. hvort tiltækt sé, að stofna til meistarakeppni félaga innan landsfjórðunga.

Nefndin skal skila áliti og tillögum eigi síðar en í lok janúar 1969".

Allsherjarnefnd hafði fjallað um þrjár tillögur, Lagði nefndin til að þær yrðu allar samþykktar, en gerði tillögu um viðbót við tillögu útbreiðslunefndar KKÍ um Minibasket. Voru tillögurnar allar samþykktar samhljóða í búningi nefndarinnar.

- I) "Ársþing KKÍ, haldið 9. nóv. 1968, beinir þeim tilmælum til fræðslumálastjórnar, að hún heimili þeim íþróttafélögum, sem iðka "Minibasket" (þ.e. körfuknattleikur fyrir börn) afnot af leikfimissöldum barnaskólanna í landinu, þar sem óhægt er um vik, að iðka þessa íþrótt í þeim íþróttahúsum, sem félögin hafa til afnota."
- 2) "Ársþing KKÍ 1968 felur stjórn sambandsins að skipa unglingalandsliðsnefnd, og feli henni að velja 20 unglinga til æfinga fyrir væntanlegt Norðurlandamót, sem haldið verður í Svíþjóð á næsta ári.  
Jafnframt verði ráðinn unglingalandsliðspjálfari, og æfingarár hafnar hið fyrsta,

3) "Ársþing KKÍ 1968 felur stjórn sambandsins að mynda  
þriggja manna blaðafulltrúanefnd, sem skál sjá um að  
merki körfuknattleiksins verði haldið á lofti að stað-  
altri í dagblöðunum, útvarpi og sjónvarpi. Skál nefndin  
sjá svo um, að ætíð sé hjá hverju dagblaði í Reykjavík  
og ef til vill víðar, fréttaritari, sem hefur nægilega  
þekkingu og áhuga á körfuknattleik, til þess að skrifá  
um henn, að domi nefndarinnar. Jafnframt skal nefndin  
annast öll störf blaðafulltrúa, svo sem verið hefur".

Tillögur 2) og 3) voru bornar upp og þeim fylgt úr hlaði  
af Guðmundi Þorsteinssyni.

Aðrar tillögur:

Formaður KKÍ lagði fram eftirfarandi tillögu, sem sambykkt  
var sámljóða:

"8. ársþing KKÍ samþykkir, að þáttökugjöld í Íslandsmóti  
1969 verði hin sömu og síðastliðið ár, eða sem hér segir:

Meistarafл, karla	kr. 1.000,00
Meistarafл, kvenna )	
1. og 2. fl. karla )	kr. 250,00
3. og 4. fl. karla )	
2. fl. kvenna )	kr. 100,00

Gjöldin greiðist í upphafi mótsins".

Fulltrúar í BA lögðu fram eftirfarandi tillögur, sem  
bððar voru samþykktar einróma:

"Það er trú okkar norðanmanna, að með því að haldá  
Íslandsmót í körfuknattleik kvenna í 2. flokki á Akur-  
eyri, megi gera það hallalaust. Við gerum það því að  
tillögu okkar, að Íslandsmót í 2. fl. kvenna fari næst  
fram á Akureyri."

"Við gerum það að tillögu okkar, að komið verði á Norður-  
landsriðli í 3. fl. karla á komandi Íslandsmóti.  
Við teljum áhuga það mikinn á Akureyri fyrir yngri flokk-  
ana, að til greina komi 4-6 lið."

Hörður Tulinius,  
Jón Friðriksson.

Kosningar:

Kjósa átti aðalmann í stað Þóris Guðmundssonar í körfuknattleiksdómstól. Kosinn var Tómas Zoega. Varamáður í stað Guðmundar Þorsteinssonar var kosinn Ingi Gunnarsson.

Körfuknattleiksdómstóll KKÍ er þá þannig skipaður:

Aðalmenn:	Tómas Zoega	til 3 ára
	Gunnar Gunnarsson	= 2 ára
	Einar Oddsson	= 1 árs

Varamenn:	Ingi Gunnarsson	til 3 ára
	Jón Otti Ólafsson	= 1 árs

Pá fór fram kosning stjórnar KKÍ fyrir næsta starfsár.

Bogi Þorsteinsson var einróma endurkosinn með dynjandi lófataki.

Aðrir í stjórn: Magnús Björnsson, Helgi Sigurðsson, Jón Eysteinsson, Magnús Sigurðsson, Hólmsteinn Sigurðsson og Guðmundur Þorsteinsson.

Varamenn í stjórn: Þorsteinn Hálgrímsson, Gunnar Gunnarsson Hörður Tulinius.

Endurskoðendur: Gunnar Torfason og Þórir Guðmundsson, endurkosnir. Til vara: Helgi V. Jónsson.

Vær nú komið að þingslitum. Kvæddi margendurkjörinn formaður, Bogi Þorsteinsson sér hljóðs.

Þakkaði hann þingheimi það traust, sem honum væri sýnt enn einu sinni. Kvæðst hann hafa látið í ljósi þá skoðun sína, að hann myndi ekki gefa kost á sér í petta sinn, en svo mjög hefðu menn lagt að honum að gefa kost á sér áfram, að runnið hefðu á hann tvær grímur. En ráðið hefði úrslitum, að fyrirlidi landsliðsins, Kolbeinn Pálsson, hefði í lok Polar Cup fært sér forkunnar fagran blómvönd, og skorað á hann í nafni landsliðsins og allra körfuknattleiksmanna að gefa kost á sér. Slíku trausti kvæðst Bogi ekki treysta sér til að bregðast.

Bogi kvæðst treysta því, að sá samstarfsvilji og dugnaður körfuknattleiksmanna lamennt, sem sýnt hefði sig við undirbúning og frámkvæmd Polar Cup mundi lifa áfram, og hann hefði í huga að beita sér fyrir því, að dreyfa meira en áður störfum sambandsins á fleiri hendur. Bogi þakkaði þingfulltrúum komuna og þingforseta skörulegá fundarstjórn.

Þingforseti þakkaði þingheimi þingsetu, árnaði nýkjörinni stjórn heilla og körfuknattleiknum gæfu og gengis. Utánþæjarmönum óskáði hann góðrar heimferðar, og sleit síðan 8. ársþingi KKÍ kl. 18:15,

Gunnar Gunnarsson (sign)

Magnús Björnsson (sign)